

# Verkefnasnið - rannsóknaráætlun nemenda

## Viðfangsefni einstaklings og viðfangsefni hóps

Helstu viðfangsefni einstaklings og hóps tilgreind.

## Námsárangur/markmið

Helstu viðmið um námsárangur og markmið verkefnis tilgreind.

## Vörður/leiðsagnarmat

Yfirlit yfir vörður þar sem kennari fylgist með námsframvindu og tryggir að nemendur séu á réttri leið í verkefninu. Um er að ræða einstaklingsmat og hópmat þar sem kennari metur þekkingu og hæfni nemenda.

### Dæmi um einstaklingsmat:

Mat á hæfniviðmiðum, skriflegt eða munnlegt.

Dagbókarskrif metin.

Einstaklingsverkefni metin.

Mat á lykilhæfni.

Viðtöl nemenda og kennara í formi leiðsagnarmats.

Far-miða mat þar sem kennari spyr spurningar sem kannar þekkingu nemenda og nemendur afhenda miða með svari þegar þeir fara út úr kennslurými. Getur farið fram reglulega í verkefnaferlinu.

KVL - Kann, vil vita, hef lært. Þrískipt skjal þar sem nemandinn skrifar í upphafi allt sem hann kann um viðfangsefnið og það sem hann langar að vita. Í lok verkefnis fyllir nemandi í síðasta dálkinn það sem hann hefur lært.

Ígrundunaraðferðir notaðar við mat.

Sjálfsmat nemenda.

Jafningjamat á einstaklingsvinnu s.s. ritun, þar sem fyrirfram ákveðnir þættir eru metnir.

### Dæmi um hópmat:

Mat á hópvinnubrögðum, þátttaka, virkni, samskipta- og samvinnufærni.

Hópumræður.

Mat á viðfangsefnum hópsins.

Hópfundur með kennara.

Jafningjamat þar sem aðrir nemendur veita hóp endurgjöf á verkefni.

Mat á verkefni og kynningu hópsins.

## Leiðsögn fyrir nemendur

Allt efni eða kennsla tengd hæfniviðmiðum og lykilhæfni tilgreint. Kennsla á efnisþáttum og hæfni sem nýtist nemendum jafnóðum í verkefnavinnu. Miðað er við 15 mínútna kennslu í einu.